

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – september 2024

## Skráð atvinnuleysi í september var 3,3%

Skráð atvinnuleysi í september var 3,3% og hækkaði úr 3,2% í ágúst. Í september 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,0%.

Að meðaltali voru 6.785 atvinnulausir í september, 3.810 karlar og 2.975 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 27 frá ágúst.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 5,6% og hækkaði úr 5,1% frá ágúst.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,1% og 1,5% á Austurlandi.

Alls komu inn 215 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september.


Atvinnulausir voru 7.171 í lok september, 3.982 karlar og 3.189 konur.

Í september gaf Vinnumálastofnun út 325 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 285 á höfuðborgarsvæðinu.

Í september voru 258 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi standi í stað eða aukist lítillega í október og verði á bilinu 3,3% til 3,5%.

Próun atvinnuleysis frá september 2022 til september 2024




## Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði alls staðar á landinu frá ágúst, þó mest á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi fór úr 5,1% í 5,6%. Var það mesta atvinnuleysið á landinu í september. Næst mest var atvinnuleysið 3,5% á höfuðborgarsvæðinu og hækkaði úr 3,4% frá ágúst. Atvinnuleysi var 3,0% á landsbyggðinni í september.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,1% og 1,5% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í ágúst og september.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á fjórum svæðum á landinu í september. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 5,2% en atvinnuleysi kvenna 6,0%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í september.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



## Greining atvinnuleysis

### Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.171 í lok september, 3.982 karlar og 3.189 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 69 frá ágústlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 62.

Alls voru 733 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok september og fjölgaði um 44 frá ágúst.

Alls höfðu 1.303 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september og fækkaði um 66 frá ágúst. Í september 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.159 og nemur fjölgunin 144 á milli ára.


Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.782 í september síðastliðnum en voru 1.469 í september 2023.

## Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í fimm atvinnugreinum í september, mest var fækkunin í byggingariðnaði.


Atvinnulausum fjölgaði lítillega í lok september í nokkrum atvinnugreinum mest þó í ferðapjónustu.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.612 sem er um 41% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok september 2024



## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfi

### Atvinnuleyfi


Í september 2024 gaf Vinnumálastofnun út 325 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 285 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 115 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 210 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í september, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 142 leyfi. Þá voru gefin út 80 leyfi vegna sérfræðiþekkingar og 58 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í september voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 36%, 30% vegna þjónustustarfa og 16% vegna sölu- og afgreiðslustarfa. Um 18% var í öðrum starfsgreinum.


### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.892 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fjölgaði um 119 frá ágúst. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var um 54% í lok september.


Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í september 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, september 2024



### Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 37 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í september 2024 með samtals 258 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 637 í september á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 35%, 22% frá Litháen og 20% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 23% starfsmanna komu frá 15 öðrum ríkjum.

### Atvinnuleit og vinnumiðlun

## Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsjú með. Í september voru gefin út 60 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 41 einstaklingur. Fjórir fóru til Litháen og eins fjórir til Spánnar. Þá voru gefin út 11 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

### Vinnumiðlun

## Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 215 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 167 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 70% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 8% á Suðurlandi og eins 8% á Norðurlandi eystra. Þá eru 14% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í september 2024



## Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í september voru 258 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 183 einstaklingar.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.